



# Lýðræðisstefna Mosfellsbæjar

Kynning fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð Reykjavíkur

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri

Aldís Stefánsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og samskipta



MOSFELLSBÆR



# Sameiginleg vinna allra flokka

- Eitt af stefnumálum nær allra flokka í framboði fyrir sveitastjórnarkosningar 2010 í Mosfellsbæ var að setja skyldi sérstaka lýðræðisstefnu sveitarfélagsins.
- Þá um haustið var því stofnaður starfshópur um lýðræðismál sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum framboðum í bæjarstjórn auk formanns sem var bæjarstjóri. Hlutverk starfshópsins var að vinna drög að nýrri lýðræðisstefnu Mosfellsbæjar og reglum um íbúakosningar í Mosfellsbæ.





# Vinna starfshópsins

- Starfshópurinn hélt tólf fundi á tíu mánaða tímabili. Fundargerðir nefndarinnar eru aðgengilegar á heimasíðu Mosfellsbæjar.
- Gerð var **skoðanakönnun meðal íbúa** um hvaða aðferðum best er að beita til að ná betur til íbúa og efla samráð um hin ýmsu málefni og eru niðurstöður hennar birtar á vef Mosfellsbæjar.
- Starfshópurinn stóð fyrir fræðslufundi um íbúalýðræði undir yfirskriftinni **Íbúalýðræði – hvernig og hvers vegna?** þar sem tveir sérfræðingar um íbúalýðræði héldu erindi. Fræðslufundurinn var öllum opinn.



- Í framhaldinu var haldinn **vinnufundur 50 íbúa** sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Fundarmenn fjölluðu um íbúalýðræði og skilaði fundurinn niðurstöðum sem starfshópurinn nýtti í gerð lýðræðisstefnu.



# Niðurstöður vinnufundar fóður í stefnu

- Starfsmenn starfshópsins gerðu drög að stefnu í samræmi við þær umræður sem áttu sér stað á fundum hópsins og nýttu til þess hugmyndir íbúa. Starfshópurinn fjallaði ítarlega um drögin og ákvað að þau skyldu lögð fram til kynningar fyrir íbúa sem fengju tækifæri til að segja skoðun sína á þeim.



# Óskað eftir ábendingum og athugasemdum



MOSFELLSBÆR

- Drög að lýðræðisstefnu kynnt á [www.mos.is](http://www.mos.is) þar sem hægt er að senda inn athugasemdir og ábendingar.
- Allir þeir íbúar sem þátt tóku í vinnufundinum fengu jafnframt drögin send og boðið að tjá sig um þau.
- Haldinn skyldi íbúafundur um drögin þar sem öllum gafst tækifæri á að fjalla um þau.
- Að þeim tíma loknum tók nefndin fyrir þær athugasemdir sem bárust og skilaði svo fullunninni stefnu til bæjarstjórnar til afgreiðslu.





# Stefnan sjálf

1. Stjórnsýsla og gegnsæi
  - Lýtur aðallega að birtingu gagna og miðlun upplýsinga.
2. Samráð og íbúakosningar
3. Þekking og fræðsla
  - Þjálfun og fræðsla til íbúa, starfsmanna og kjörinna fulltrúa.
4. Framkvæmd lýðræðisstefnu
  - Ábyrgð og eftirfylgni.



# Innleiðing

- Mjög mikilvægt að starfsmenn stjórnarsýslunnar fái skýr verkefni til að koma í framkvæmd.
- Eftirfylgni og ábyrgð á verkefnum þarf að vera tryggð.
- Því nákvæmari sem leiðirnar til að ná markmiðum stefnunnar eru því aðgengilegra er fyrir starfsfólk stjórnarsýslunnar að koma þeim í framkvæmd.



# Endurskoðun 2015

- Endurskoðunin var unnin á vinnufundum með bæjarráði og þar með öllum framboðum (vegna setu áheyrnarfulltrúa)
- Henni var ekki breytt í grundvallaratriðum en yfirferðin var gagnleg og veitti nýjum fulltrúum betri innsýn og ákveðið eignarhald.
- Helsta breytingin var gerð aðgerðaráætlunar sem fer nánar í þær leiðir sem á að fara til að uppfylla markmið stefnunnar.





# Framkvæmd 2015/2016

- Fundir bæjarstjórnar í beinni útsendingu á netinu
- Kynning frá Reykjavíkurborg á Betri Reykjavík
- Örnámskeið í samráðsferli fyrir kjörna fulltrúa og forstöðumenn stofnana
- Open Space fundur um Fjölmenningu sem var þema evrópsku lýðræðisvikunnar

Mosfellsbær

Virðing – Jákvæðni – Framsækni - Umhyggja

